

Vegna: Máls nr. 1033/2024, Álfhólsvegur 68 (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Eftirfarandi eru athugasemdir íbúa að Álfhólsvegi 72 vegna byggingarleyfisumsóknar íbúa við Álfhólsveg 68 á 20,4 fm útigeymslu á lóð sinni.

Rétt er að benda á líkt og við síðustu grenndarkynningu á þessu máli að framangreind útigeymsla truflar okkur ekki og er ekki í sjónmáli frá íbúðarhúsi á lóð við Álfhólsveg 72. Þrátt fyrir það viljum við koma á framfæri athugasemdum við þessa grenndarkynningu og framsetningu hennar.

Nú er verið að sækja um leyfi fyrir byggingu á 20,4 fm útigeymslu sem þegar hefur verið reist án leyfa en skv gögnum meðfylgjandi þessari grenndarkynningu hefur geymslan verið færð um nokkra metra til vesturs inn á lóð sem er gott og vel. Hvergi er hins vegar talað um tímamörk á þessari „breytingu“ og finnst okkur það ekki boðlegt gagnvart nágrönnum okkar við Álfhólveg 70 að þau þurfi hugsanlega að bíða eftir að farið verið í þessa framkvæmd ef hún verður dregin á langinn og ávísun á að hún verði hunsuð. Við viljum því þrýsta á að sett verði tímamörk á framkvæmdina og það gert skriflega.

Við þekkjum forsögu þessa máls og viljum því styðja nágranna okkar að Álfhólsvegi 70.

Einnig finnst okkur óþarfi að einstaklingar séu verðlaunaðir fyrir að fara ekki eftir reglum og ættu íbúar að geta treyst á Kópavogsbæ til þess að standa vörð um rétt sinn.

Virðingarfyllst,

Skúli Rúnar Hilmarsson
Brynja Helgadóttir
Álfhólsvegi 72

Höfundur: Brynja Helgadóttir/brynja66@simnet.is

Sent inn þann: 02.10.2024